



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1637

Miðvikudagur 6. apríl 2022 / kl. 16.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Fimmti stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.
Fundarstjóri: Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
Fundarritari: Hugrún Elvarsdóttir.
Pátttakendur: Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Jón Viðar Þorvaldsson framkvæmdastjóri, Gísli Reynisson gjaldkeri, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftar, Friðbjörn Benediktsson formaður snjóþrettaneftar og Dagbjartur Halldórsson afreksstjóri.
- Fjarverandi:** Einar Ólafsson formaður skíðagönguneftar.

Fundur settur kl. 16.37.

Fundardagskrá:

1. Síðasta fundargerð.
2. Snorri Einarsson í heimsbikar.
3. Handbók SKÍ / Starfslýsingar starfsmanna.
4. Verkefnalisti fram undan.
5. Leyfi framkvæmdastjóra.
6. Önnur mál.

Fundargerð

1. Síðasta fundargerð.
 - Samþykkt samhljóða og fundargerð gerð opinber á vef SKÍ: [Fundargerðir stjórnar | Skíðasamband Íslands \(ski.is\)](https://www.ski.is/fundargerdir-stjornar).
2. Snorri Einarsson í heimsbikar, Dagbjartur og Jón Viðar fara yfir.
 - Snorri Einarsson skíðagöngumaður hefur ákveðið að halda áfram keppni.

- Til þess að SKÍ sé A-samband þurfum við að vera með keppanda sem keppir á hæsta mögulega stigi og er Snorri sá eini sem uppfyllir þær kröfur innan SKÍ í dag.
- Afla þarf frekari styrkja fyrir Snorra en það er búið að vera nálgast aðila til þess að styrkja Snorra í áframhaldandi verkefni.
- Vegna þessa leggur SKÍ til að styrkja Snorra upp á 2,4 milljónir, beint úr afrekssjóði ÍSÍ.
- Snorri væri þá eini iðkandinn innan SKÍ sem fengi styrk út á sitt eigið nafn í gegnum afrekssjóðinn.
- Í kjölfarið af umræðunni vekur Bjarni Th., formaður SKÍ, athygli á því að það þarf að auka samskipti við ÍSÍ um skiptingu á A samböndum og hvaða skilyrði eru sett um að keppa á hæsta stigi. Það sé afar misjafnt milli alpagreina, skíðagöngu og brettaiðkunar.
- Tillaga um að styrkja Snorra lagt undir stjórn sem samþykkti tillöguna samhljóða.

3. Handbók SKÍ / Starfslýsingar starfsmanna, Jón Viðar fer yfir.

- Handbók SKÍ gerð opinber á vefnum til þess að tryggja fagleg vinnubrögð og svo að allir innan skíðahreyfingarinnar geti nálgast hana.
- Handbókin inniheldur t.a.m. upplýsingar um hvernig skal boða stjórnarfundum, senda út gögn, halda fundina, hver fer með fundarstjórn, atkvæðagreiðsla o.s.frv.
- Gísli Reynisson, gjaldkeri tekur fram að skerpa þurfi á umræðu um starfshæfi stjórnarmanna. Mikilvægt sé að gagnsæi sé um stöðu stjórnarmanna í ákveðnum málum, t.d. ef viðkomandi stjórnarmaður á barn í hreyfingunni, vinnur hjá tilteknu félagi o.þ.h.
- Bjarni Th. vekur athygli á hlutverki framkvæmdastjóra og afreksstjóra, en eitt af þeirra hlutverkum er að sitja stjórnarfundum auk allra nefndarfunda og sjá til þess að heildarsýn SKÍ sé ávallt höfð að leiðarljósi. Mikilvægt upp á samþættingu nefndanna og eykur gagnsæi og skilvirkni.
- Jón Viðar tekur fram að handbókin er lifandi skjal, hægt að breyta og bæta að vild. Tekið fyrir hverju sinni í stjórn.
- Gísli bendir á að jafnréttismálin þurfa að vera tekin meira fyrir í handbók stjórnar, uppfæra skal handbókina eftir innleiðingu á jafnréttisstefnu ÍSÍ.

4. Verkefnalisti fram undan.

- Fundur í júní í Scandic Cup - Undirbúningur Scandic fundar.
- Skýrsla til ÍSÍ v/afreksmála.
- Uppgjör á verkefnum og starfsskýrsla til ÍSÍ fyrir lok apríl.
- Meiðslastatusar lok apríl.
- FIS þing online / maí / júní.
- Ársreikningur 2021 fyrir skíðaþing í september.
- Skráningar í FIS í júní.
- Drög á mótatöflum SKÍ fyrir júní klára í ágúst.
- Drög að dagatali fyrir námskeið í maí.
- Birta starfsáætlanir nefnda 15. maí.
- Val í lið í maí og verkefni (valreglur í landslið) lok október.
- Mótakerfið í vinnslu með skrár og greiðslumiðlun aðgangur fyrir yngri í lok október.
- Starfslýsingar starfsmanna SKÍ.
- Lowlander.
- Forskráningar í stórmót HM – WC – EC – HM jr.
- Greiðsla reikninga.

5. Leyfi framkvæmdastjóra, Bjarni Th. fer yfir.

- Framkvæmdastjóri og afreksstjóri SKÍ víkja af fundi á meðan umræður um leyfi framkvæmdastjóra eiga sér stað.
- Bjarni fer yfir ástæður þess að framkvæmdastjóri SKÍ óski eftir því að fara í leyfi.
- Framkvæmdastjóri klárar þau mál sem hann er með út vorið en fer svo í leyfi í byrjun sumars og verður fram að mánaðarmótum júlí/ágúst.
- Formaður og afreksstjóri SKÍ taka póstana sem berast framkvæmdastjóra á meðan leyfi stendur.
- Samþykkt samhljóða að veita framkvæmdastjóra leyfi.

Næsti fundur

- Dagbjartur og Bjarni koma sér saman um tíma fyrir næsta fund og munu senda stjórn fundarboð á næstu dögum. Næsti fundur er ráðgerður um miðjan maí.

Fundi slitið kl. 19.01.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð